

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 201, 15. apríl 1981 um iðgjald til slysatrygginga
skv. 36. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar.

1. gr.

3. grein hljóði svo:

Iðgjöld skulu á árinu 1983 nema 0.23% af gjaldstofni skv. 2. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 36. gr. laga 67/1971 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. apríl 1983.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.

Nr. 308

9. maí 1983

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 23. janúar 1983, um takmarkanir á þorskveiðum
togskipa árið 1983.

1. gr.

2. tl. 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Í 35 daga samtals á tímabilinu 1. maí til 31. ágúst 1983, og þar af skal hvert skip láta af þorskveiðum í a. m. k. 20 daga á tímabilinu 1. júlí til 31. ágúst 1983.

2. gr.

1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Á þeim tíma, sem skip láta af þorskveiðum, sbr. 2. og 6. gr., má hlutur þorsks í heildarafla hvernar veiðiferðar ekki nema meiru en hér segir:

1. 5% í 30 daga

2. 15% í 40 daga

3. 30% í 30 daga.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. maí 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.